

Reykjagarður hf.
Fosshálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 19.11.2024
UST202401-289/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16.8.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks er fram kom í eftirliti þann 5.7.2024 í Reykjagarð að Ásmundarstöðum. Þrjú frávík voru skráð en tveimur lokað í bréfinu.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem taldir eru upp í gr. 4.1 í starfsleyfinu og skulu vera aðgengilegir eftirlitsaðila. Ekki allir þættirnir eru skráðir.

Þann 1. og 11. nóvember bárust stofnuninni umrædd gögn.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávíkinu lokið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur